

**Nd.**

**765. Breytingartillögur**

**[270. mál]**

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-  
áætlunar fyrir árið 1972.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Aftan við 4. gr. komi 2 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Heimilt er að taka innlend lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. vegna land-  
helgisgæzlu til flugvélarkaupa og allt að 23 millj. kr. til að endurlána Þorgeir og  
Ellert hf, Akranesi, til endurbyggingar skipalyftu, gegn þeim tryggingum, sem  
ríkisstjórnin metur gildar.

Heimilt er að taka innlent lán vegna vegáætlunar allt að 95 millj. kr., þar af  
vegna Djúpvegur 25 millj. kr. og vegna Norðurlandsáætlunar 20 millj. kr.

2. 5. gr. orðist svo:

Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj.  
kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 150 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til  
framkvæmda þar, allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna  
stækkunar verksmiðjunnar, allt að 11 millj. kr. vegna virkjunar Mjólkár II og  
allt að 60 millj. kr. vegna Lánasjóðs sveitarfélaga til að endurlána sveitarfélög-  
um vegna hitaveituf framkvæmda. Enn fremur er heimilt að ábyrgjast allt að  
60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi.